

Tilm. 12/2019/kultur D 2019

Fyrri númer A 1808/kultur
Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar

Nefndarálit um svar um samnorrænt faggildingarkerfi fyrir osteópata (tilmæli 12/2019)**Tillaga**

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð taki til greina svar við tilmælum 12/2019 og leiti eftir *pólítísku samráði* um *samnorrænt faggildingarkerfi fyrir osteópata*

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Noregs og Svíþjóðar að þær beiti sér fyrir að starf osteópata verði löggilt starf í Noregi og Svíþjóð

Svar norrænu ríkisstjórnanna

Svar ríkisstjórnar Noregs til Norðurlandaráðs vega tilmæla 12/2019 – Samnorrænt faggildingarkerfi fyrir osteópata:

Í dag eru 29 starfsgreinar löggildar samkvæmt 48. gr. laga nr. 64 frá 2. júlí 1999 um heilbrigðisstarfsfólk o.fl. Norska heilbrigðis- og umönnunarráðuneytinu berst reglulega beiðnir frá ýmsum starfsmannahópum sem óska eftir viðurkenningu á starfinu samkvæmt lögunum.

Hvað varðar osteópata var niðurstaða ráðuneytisins árið 2014 að ekki væri grundvöllur fyrir því að viðurkenna þennan hóp á grundvelli laga um heilbrigðisstarfsfólk.

Norsk Osteopatforbund (Samband norskra osteópata) sendi endurnýjaða beiðni um viðurkenningu 2018/2019. Eins og venjan er við málsmeðferð sem þessa var viðurkenningarbeiðnin, ásamt beiðnum margra annarra starfsmannahópa, send til mats hjá Helsedirektoratet (Heilbrigðisstofnun) 10. apríl 2019.



Þann 11. nóvember 2019 barst heilbrigðis- og umönnunarráðuneytinu mat Heilbrigðisstofnunar þar sem hún mælti með því að viðurkenna ekki osteópata. Heilbrigðisstofnunin mælti ekki heldur með því að viðurkenna naprapata, talþjálfara eða bæklunartækna sem einnig höfðu óskað eftir lögverndun starfsheitisins. Í millitíðinni mælti Heilbrigðisstofnunin með því að bráðaliðar yrðu viðurkenndir samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsfólk.

11. nóvember 2019 var mat Heilbrigðisstofnunar sent til viðeigandi starfsmannasamtaka, þ. á m. Norsk Osteopatforbund, með fresti til 13. janúar 2020 til að koma athugasemdum og frekari sjónarmiðum á framfæri. Um miðjan janúar 2020 barst ráðuneytinu slíkt svar frá Osteopatforbundet og öðrum viðkomandi starfsmannasamtökum. Ráðuneytið er nú með svarið til skoðunar og hyggst fljótlega senda Heilbrigðisstofnun endanlega beiðni til að fá úr því skorið hvort svör samtakanna hafi áhrif á fyrra mat og ráðgjöf stofnunarinnar. Þegar svar Heilbrigðisstofnunar liggur fyrir mun heilbrigðis- og umönnunarráðuneytið taka endanlega afstöðu um frekari eftirfylgni með beiðnum þessara hópa um viðurkenningu, þ. á m. osteópata.

Ef ráðuneytið kemst að þeirri niðurstöðu að loknu faglegu og pólitísku mati að ástæða sé til þess að viðurkenna osteópata eða aðra starfsmannahópa sem óskuðu eftir lögverndun í þessari umferð verður það gert með því að breyta lögum um heilbrigðisstarfsfólk. Áður en slíkt lagabreytingafrumvarp er lagt fram þarf að semja samráðsfrumvarp og leggja það í opinbert samráð.

Taka skal fram að ráðuneytið hefur á þessum tímapunkti ekki tekið ákvörðun um hvort ástæða sé til að mæla með viðurkenningu osteópata eða annarra starfsmannahópa sem sóttu um viðurkenningu í þessari umferð. Eins og sést af framansögðu verður þetta aðeins tilefni til pólitísku mats á síðari stigum í ráðuneytinu, hugsanlega einnig í ríkisstjórn. Með öðrum orðum er sem stendur ekki hægt að taka afstöðu til tilmæla Norrænu ráðherranefndarinnar um að beita sér fyrir því að osteópatar verði löggild starfstétt heilbrigðisstarfsfólks í Noregi og Svíþjóð. Þess ber að geta að embættismenn í heilbrigðis- og umönnunarráðuneytinu höfðu samráð við embættismenn í sænska félagsmálaráðuneytinu við mótnun þessa svars til Norrænu ráðherranefndarinnar. Embættismenn í Svíþjóð hafa verið upplýstir um ofangreinda stöðu og áframhaldandi ferli í Noregi og um að á núverandi tímapunkti er af þeim ástæðum sem nefndar hafa verið ekki hægt að taka afstöðu til tilmæla Norrænu ráðherranefndarinnar um að Noregur beiti sér fyrir því að osteópatar verði löggild starfstétt heilbrigðisstarfsfólks í Noregi og Svíþjóð.



Svar til Norðurlandaráðs um löggildingu starfs osteópata

Norðurlandaráð samþykkti að tillögu Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar og á grundvelli greina 45 og 36 í Helsingforssamningnum eftirfarandi tilmæli hinn 30. október 2019.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnanna í Noregi og Svíþjóð að beita sér fyrir að starf osteópata verði löggilt starf í Noregi og Svíþjóð.

Svíþjóð á að svara tilmælunum til Norðurlandaráðs í síðasta lagi 7. febrúar 2020.

Ríkisstjórn Svíþjóðar mun ekki beita sér fyrir löggildingu starfs osteópata í Svíþjóð. Sem stendur skortir rökstuðning fyrir slíku ferli. Auk þess eru engin áform um að vinna frekar að málinu.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna þekkingar- og menningarnefndin er upplýst um að í Noregi er spurningin um hvort gera eigi starf osteópata að löggilttri starfsgrein í ferli og því sé ekki hægt að taka afstöðu til tilmæla ráðsins. Málið hefur verið rannsakað og Heilbrigðisstofnun hefur lagt til að norska ríkisstjórnin geri starf osteópata ekki að löggilttri starfsgrein. Tillagan er til umsagnar hjá Sambandi norskra osteópata og heilbrigðis- og umönnunarráðuneytið mun því næst, í samráði við Heilbrigðisstofnun, kanna hvort svar sambandsins leiði til breytinga á upprunalegu tillögnum.

Nefndin vill ekki vera á undan ákvörðun heilbrigðis- og umönnunarráðuneytinu og mun því á þessum tímapunkti ekki eiga pólitískt samráð um málefnið.

Hvað varðar skilaboð sænsku ríkisstjórnarinnar telur nefndin að ástæða sé til að óska eftir pólitísku samráði við sænska félagsmálaráðherrann. Svíþjóð vísar aðeins til þess að sem stendur skorti rökstuðning og að ekki séu nokkur áform um að vinna frekar að málinu.

Í samskiptum við Samband osteópata í Svíþjóð kom þó fram að sambandið hafi átt marga fundi með embættismönnum félagsmálaráðuneytisins til að gefa þeim upplýsingar um hvers vegna eigi að lögvernda starf osteópata. Nefndin gerir sér grein fyrir því að það geta verið ástæður sem nefndinni er ekki kunnugt um fyrir því hvers vegna félagsmálaráðuneytið svarar tilmælum Norðurlandaráðs á þann hátt sem það gerir. Nefndin telur þó að félagsmálaráðuneytið hefði átt að gefa upp hvers vegna hún telur rökstuðning skorta og hvers vegna ekki eru nokkur áform um að vinna frekar að málinu.

Starfsgrein osteópata er lögvernduð í ellefu Evrópulöndum og allir osteópatar falla undir staðalinn sem 33 lönd samþykktu árið 2015, SS EN: 16686:2015, sænskan staðal um heilbrigðisþjónustu osteópata. Löggilding myndi leiða til þess að aðeins menntaðir einstaklingar hefðu leyfi til að kalla sig osteópata, sem eykur öryggi sjúklinga. Löggilding myndi einnig leiða til aukins samstarfs á Norðurlöndum milli osteópata og aukins hreyfanleika.



Í Svíþjóð gefur osteópatamenntun við Skandinaviska Osteopathögskolan ekki rétt til námsstyrkja. Í Noregi fá nemendur í osteópatanámi námsstýri þrátt fyrir að starfsgreinin sé ekki lögvernduð. Það sama á við í Finnlandi og á Íslandi. Þetta skapar hættu á því að möguleikar fólks til að stunda osteópatanám í Svíþjóð verði háðir fjárhagsstöðu þess.

Hinar tengdu starfsgreinar naprapata og hnykkjara eru báðar löggiltar í Svíþjóð. Erfitt er fyrir nefndina að skilja hvers vegna það sama ætti ekki að eiga við um starfsgrein osteópata. Nefndin hlakkar til að ræða málefnið við félagsmálaráðherra Svíþjóðar.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur því til að Norðurlandaráð færi svar við tilmælum 12/2019 til bókar og bíði eftir pólitísku samráði.

Norðurlöndum, 27. apríl 2020

Angelika Bengtsson (SD)

Ann-Sofie Alm (M)

Camilla Gunell (ÅSD)

Heidi Viljanen (sd)

Henrik Møller (S)

Jorodd Asphjell (A)

Jouni Ovaska (cent)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Lars Mejern Larsson (S)

Marianne Synnes Emblesvåg (H)

Mikko Kinnunen (cent)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Riikka Purra (saf)